

Reykjavík, 8. maí 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016

(tímabundin vernd vegna fjöldaflóttá o.fl.)

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindu frumvarpi. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (*UNHCR*). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (*e. inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Um frumvarpið

Hér er til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga nr. 80/2016 og varðar annars vegar 44. grein laganna um sameiginlega vernd vegna fjöldaflóttá og hins vegar breytingu á 9. grein er varðar flóttamannanefnd.

Athugasemdir varðandi 1. gr. frumvarpsins

Rauði krossinn gerir ekki athugasemd við breytingu á 9. grein laganna að flóttamannanefnd verði færð yfir á forræði dómsmálaráðuneytis. Félagið vonast einmitt til að með tilfærslunni færist aftur líf í móttöku flóttafólks í boði stjórnvalda (s.k. kvótaflóttafólks, *e. resettlement*). Það er afar brýnt að Ísland taki þátt í að bjóða einhverju af því flóttafólki sem er í hvað mestri neyð örugga leið í skjól. Og vinni þar með líkt þenkjandi ríkjum að því að draga úr hvata þess að fólk leggi af stað upp á eigin spýtur í leit að öryggi, eftir leiðum sem oft á tíðum eru lífshættulegar. Um leið væri Ísland að axla sameiginlega ábyrgð ríkja, þó ekki væri nema lítið brot, varðandi vanda þess flóttafólks sem hvað verst stendur. Flóttamannastofnun SP biðlar einmitt til ríkja þessar vikunar¹, um að taka þátt í því lífsbjargandi verkefni að ríkin sjálf bjóði í auknum mæli viðkvæmstu hópum flóttafólks alþjóðlega vernd að fyrri bragði, þ.e. kvótahópum.

Athugasemdir varðandi 2. gr. frumvarpsins

Rauði krossinn vill enn og aftur hrósa stjórnvöldum fyrir móttöku fólks frá stríðshrjáðum svæðum Úkraínu. Stjórnvöld beittu 44. greininni í fyrsta sinn vegna flóttá fólks þaðan. Þau sem hingað leituðu gerðu sér vonir um að geta snúið fljótt til baka. Síðan eru liðin rúm fjögur ár og enn ekki útséð með lok þessara hörmulegu átaka.

Það frumvarp sem kynnt er hér snýst aðallega um að breyta greininni þannig að fólk sem þegar er komið og dvelur hér á grundvelli 44. greinarinnar, fái ekki lengur leyfi skv. 74. grein (dvalarleyfi á

¹ [Global Appeal 2026 | UNHCR](#)

grundvelli mannúðarsjónarmiða) þegar fimm árum er náð í dvöl hér, sem myndað gat grundvöll fyrir ótímabundið dvalarleyfi.

Úkraínufólk sem hingað er komið hefur leitast við að verða hluti af samfélaginu á meðan það dvelur hér og er eðlilega með margvíslegar skuldbindingar og áætlanir um nánustu framtíð sína og barna sinna. Með stuttum framlengingum á tímabundinni vernd undanfarin ár, oft með skömmum fyrirvara, hefur fólki annars vegar reynst erfitt að skipuleggja líf sitt og barna sinna og hins vegar dregur það úr viðleitni og áhuga á inngildingu. Þetta heyrum við frá skjólstaðingum félagsins í félagslegri virkni og íslenskuþjálfuninni. „Á ég að leggja í þessa miklu vinnu við að fá námið mitt metið og taka viðbótarnám sem krafist er hér ef ég fæ ekki að vera í einhvern tíma?“ „Eigum við foreldrar með börn í framhaldsskóla að láta þau klára námið hér, vitandi að skólastig eru mismunandi milli landanna tveggja, þó svo stríðinu ljúki mögulega á morgun?“ „Gætum við farið heim á morgun þó stríðinu ljúki, það er að engu að hverfa og blokkin mín og bærinn minn er í rúst?“ „Á ég að leggja meira á mig við að læra íslensku ef ég fæ ekki að vera?“ „Ég gæti keypt íbúð og tryggt fjölskyldunni öruggari samastað í skólahverfi barnanna en er það skynsamlegt með þennan ófyrirsjáanleika?“ Og svo má lengi telja. Þrátt fyrir góða menntun á sviðum atvinnulífsins þar sem vantar fólk segja þau marga vinnuveitendur tvístígandi við að leggja í kostnað við að þjálfar starfsmann sem missir mögulega leyfi til að vera hér eftir einhverja mánuði. Merkja má áhyggjur af ofangreindu af þeim mikla fjölda umsagna fólks frá Úkraínu þegar áform um frumvarpið voru fyrst kynnt og fjallað er um í samráðskafla greinargerðar með frumvarpinu.

Eðlilega skiptir það fólk máli að vita hverjir möguleikar þess eru til að vera hér áfram meðan á átökum stendur og að það sé fyrirsjáanleiki til nokkurra ára. Eins og mörg hafa sagt „það er verið að breyta forsendunum sem við höfum gengið út frá - á miðri leið“. Því er gerð er athugasemd við að 2. gr. frumvarpsins hefur þau áhrif að einstaklingar sem hafa dvalið hér á landi í allt að fjögur ár og hafa haft upplýsingar um að skv. lögum geri þau tilkall til dvalarleyfis skv. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 en eru skyndilega sviptir þessum réttindum. Um er að ræða einstaklinga sem margir hverjir eru komnir mjög nálægt því að uppfylla tímaskilyrði núverandi lagaákvæðis 3. mgr. 44. gr. laga nr. 80/2016. Má í þessu samhengi einnig nefna að þegar ákveðið var að beita 44. gr. til að veita Úkraínufólki fjöldaflóttavernd mælti sama ákvæði fyrir um þrjú ár, en með lögum nr. 139/2024 var tíminn skv. 3. mgr. 44. gr. lengdur úr þremur árum í fimm. Hefðu þannig margir einstaklingar skv. fyrri lögum, sem giltu við komu þeirra til landsins, uppfyllt skilyrði til veitingar mannúðarleyfis í mars 2025. Alþingi „frestaði“ réttindum þeirra um tvö ár með lögum nr. 139/2024 en nú stendur til að afnema þennan rétt með öllu. Lagasetning af þessu tagi dregur því úr öllum fyrirsjáanleika fyrir þá einstaklinga.

Fram kemur í greinargerð að fólk af úkraínskum uppruna geti „...sótt um sérstaklega og átt rétt á dvalarleyfi hér á landi, uppfylli þeir sett skilyrði laganna, s.s. í tengslum við atvinnu“. Það er þó lítið öryggi eða fyrirsjáanleiki í þessu fyrir fólk og þá sérstaklega þau sem veikast standa, sem hafa e.t.v. ekki tök á að sækja atvinnu eða uppfylla skilyrði annars konar dvalarleyfa. Barna er því sanngirniss- og mannúðarsjónarmiðum ábótavant og ekki séð að slík mismunun sé réttlætunleg, skv. flóttamannasamningi SP frá 1951. Ennfremur er ekki fjallað um hvað yrði um það fólk sem ekki uppfyllir skilyrði fyrir ofangreind landvistarleyfi, en getur ekki snúið til baka vegna aðstæðna í heimalandinu, hafi þær ekki lagast fyrir marsmánuð á næsta ári.

Jafnframt er fyrirséð að þúsundir umsókna um dvalarleyfi á nýjum forsendum sem þarfnist efnislegrar meðferðar muni berast Útlendingstofnun á skömmum tíma í byrjun næsta árs þegar fimm ár eru liðin frá upphafi fjöldaflóttans. Miðað við reynslu síðari ára er tilefni til að hafa áhyggjur af getu stofnunarinnar til að anna fyrirséðum fjölda umsókna, þar sem fram kemur í greinargerð að ekki er gert ráð fyrir aukningu útgjalda, þ.e. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Líklegt er að mikill fjöldi umsókna muni safnast upp þegar árin fimm eru liðin sem kæmi ekki aðeins niður á Úkraínufólki, heldur fleirum í viðkvæmri stöðu sem bíða þess að stofnunin taki afstöðu í þeirra máli.

Almennt hefur sú mikla velvild sem fólst í veitingu tímabundinnar verndar til Úkraínufólks á sér mun flóknari hliðar og hætt er við að horft sé fram hjá mannúðarsjónarmiðum verði þetta frumvarp að lögum óbreytt.

Rauði krossinn vill ítreka sjónarmið mannúðar, minna á flóttamannasamning SP og rétt allra til að sækja um vernd og ítrekar að fyrirsjáanleiki er flóttafólki mikilvægur. Félagið;

- endurtekur fyrri hvatningu til stjórnvalda² um að heimilt verði að sækja um vernd á grundvelli 37. greinar laganna (grundvöllur alþjóðlegrar verndar), bæði að þeim tíma liðnum sem núgildandi tímabundið leyfi tekur til **sem og** á hvaða tímapunkti sem er eftir komuna hingað til lands, ef fólk kýs það fremur en sameiginlegu verndina.
- hvetur stjórnvöld til að hugleiða fjölbreyttar leiðir og tegundir dvalarleyfa til að tryggja að þau sem verst standa og uppfylla ekki skilyrði þeirra dvalarleyfa sem nú standa til boða njóti jafnræðis við aðra umsækjendur.
- vísar einnig til umsagnar Flóttamannastofnunar SP um frumvarpið³ og tekur undir tilmæli sem þar koma fram.

Lokaorð

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með stuðning sem félagið getur veitt ekki síst þar sem félagið kemur að verkefnum fyrir flóttafólk.

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta viðkomandi þingnefnd til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri

² <https://www.raudikrossinn.is/media/ruamco5t/umsogn-um-framlengingu-leyfa-ukr-folks-31-okt-2024.pdf>

³ [157-2614.pdf](#)